

2204. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 15. mars 2018 á Laugardalsvelli og hófst kl. 16:30.

Mættir: Guðni Bergsson formaður, Gísli Gíslason, Magnús Gylfason, Borghildur Sigurðardóttir, Ingvar Guðjónsson, Jóhann Torfason, Kristinn Jakobsson, Ragnhildur Skúladóttir, Valgeir Sigurðsson og Vignir Már Þormóðsson.

Þá sat Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Guðrún Inga Sívertsen og Ingi Sigurðsson

Þetta var gjört:

1. Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð síðasta fundar var þegar samþykkt rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar.
 - Landsliðsnefnd karla 9. mars 2018
 - Mótanefnd 8. mars 2018
 - Unglinganefnd kvenna 27. febrúar 2018.

Rætt var um fjölda fararstjóra í ferðum en í ferðum á vegum unglinganefndar kvenna er verið að gera tilraun með einn fararstjóra og leikgreinanda í stað tveggja fararstjóra. Stjórn skoðar málið aftur eftir milliriðla EMU19 kvenna þar sem Ragnhildur Skúladóttir verður eini fararstjórinn.
3. Ársþing KSÍ
 - Lagabreytingar vegna samþykktar ársþings á þingskjali 8 (fjölgun liða í 3. deild karla) var samþykkt, sbr. fylgiskjal 1 með fundargerð.
4. Reglugerðarbreytingar
 - Tillögur mótanefndar um breytingar á reglugerðum í 2. flokki kvenna og 4. flokki karla og kvenna var samþykkt, sbr. fylgiskjal 2 með fundargerð.
5. Stefnumótunarvinna KSÍ og Expectus
 - Lagt var fram lokaskjal um stefnumótun stjórnar en stjórn hafði lokaafurð vinnunnar til yfirlstrar á milli stjórnarfunda.
6. Leyfiskerfi KSÍ

Öll 24 félögin í efstu tveimur deildum karla hafa fengið þátttökuleyfi, sjö þeirra eru gefin út með fyrirvara, fjögur með fyrirvara um afgreiðslu stjórnar KSÍ á umsókn viðkomandi félags um vallarleyfi og þrjú með fyrirvara um frekari gagnaskil fyrir 31. mars nk.

Stjórn samþykkti tillögu mannvirkjanefndar um vallarleyfi fyrir:

 - Fjölur, bráðabirgðaleyfi 31.12.2019 með skilyrðum um að framkvæmdaáætlun á þaki og sætum fyrir 1.5.2018.
 - ÍBV, bráðabirgðaleyfi til 15.6.2018 með skilyrðum um lok framkvæmda við ytri girðingu fyrir þann tíma.
 - KA, bráðabirgðaleyfi til til 31.12.2018 með skilyrðum um framkvæmdaáætlun á þaki fyrir 31.12.2018
 - Magni, bráðabirgðaleyfi til 31.12.2018
7. Skipan nefnda

- Lagt var fram erindi ÍTF þar sem óskað var eftir því að samtökin fái að tilnefna fulltrúa í fræðslunefnd, landsliðsnefnd kvenna, landsliðsnefnd karla (eftir HM), landsliðsnefnd U21, mótanefnd, nefnd vegna endurskoðunar laga KSÍ, unglinganefnd karla og unglinganefnd kvenna. Stjórn samþykkti erindi ÍTF en beinir þeim tilmælum til ÍTF að tilnefningarnar verði í samvinnu við formenn viðkomandi nefnda og samráði við hagsmunasamtök félaga í efstu deild kvenna þar sem við á.
- Lögð voru fram drög að skipan nefnda og farið yfir hverja nefnd fyrir sig. Þegar tilnefningar frá ÍTF liggja fyrir verður nefndarskipanin send stjórn til umfjöllunar og afgreiðslu með rafrænum hætti á milli funda.

8. Mannvirkjasjóður

- 32 umóknir frá 22 félögum bárust í mannvirkjasjóð. Heildarupphæð framkvæmda skv. umsóknum eru tæpir 3 milljarðar kr. en til úthlutunar eru 50 milljónir. Umsóknir eru nú til umsagnar í mannvirkjanefnd KSÍ en stefnt er að því að afgreiða þær á næsta fundi stjórnar.

9. Málefni Laugardalsvallar

- Guðni Bergsson formaður KSÍ upplýsti stjórn um stöðu mála varðandi Laugardalsvöll. Starfshópur um framtíð Laugardalsvallar á að ljúka störfum í næstu viku.

10. Landsliðsmál

- Farið yfir úrslit landsleikja frá síðasta stjórnarfund. U17 karla lék í milliriðlum EM í Hollandi þar sem aðstæður og skipulag voru til fyrirmyndar. U19 kvenna lék á La Manga, ferðin gekk vel og var frábær undirbúningur fyrir milliriðla EM. A landslið kvenna lék á Algarve þar sem allar aðstæður voru góðar að venju.
- U21 fer til Írlands og N-Írlands í næstu viku, svo og fer A karla til Bandaríkjanna.
- Farið var yfir miðasölmál fyrir vináttulandsleiki A karla og undankeppni HM kvenna og fyrirkomulag miðasölu var samþykkt.
 - ✓ Miðaverð á vináttuleiki A karla verður; 3500/5500/7500 (50% afsláttur fyrir börn). Selt verður á staka leiki og mun miðasala hefjast ca. mánuði fyrir hvorn leik.
 - ✓ Miðaverð á undankeppni HM A kvenna verður 2000 og 500 kr. fyrir börn. Selt verður í númeruð sæti og þarf að undirbúa það sérstaklega.
 - ✓ Fyrirkomulag á miðasölu fyrir Þjóðadeildina í haust verður ákveðið síðar.

11. Mótamál

- Drög að handbók leikja verða tilbúin fljótlega en búist er við nokkrum breytingum.
- Dagsetningar fyrir kynningafundi deilda verða ákveðnar fljótlega.
- Verið er að reikna út ferðapátttökugjöld deilda og verða niðurstöðurnar tilbúna fyrir næsta stjórnarfund.
- Rætt um mögulegan samstarfssamning vegna 1. deild kvenna og framlengingu á samning um 1. deild karla. Málið verður unnið í samstarfi við félögin og ÍTF.
- Vignir Már Þormóðsson formaður mótanefndar fór yfir stöðuna í mótamálum. Lengjubíkarinn gengur vel. Undirbúningur komandi tímabils er samkvæmt áætlun.
- Stjórn samþykkti að fela mótanefnd að skipa starfshóp til að bregðast við erindi KA og Þórs vegna keppnisfyrirkomulags í 5. flokki karla

12. Dómaramál

- Borghildur Sigurðardóttir og Gísli Gíslason greindu frá samningaviðræðum við Félag deildadómara en fyrr í dag var gengið frá samkomulagi við samninganefnd dómara. Samkomulagið verður borið undir félagsfund deildadómara næstkomandi mánudag. Samkomulagið miðast við tveggja ára samning og er innan fjárhagsáætlunar. Ennfremur var

samþykkt að skipa samráðshóp KSÍ og Félags deildadómara m.a. til að meta verkefnið. Ef Félag deildadómara samþykkir samninginn er mikilvægt að kynna hann vel fyrir aðildarfélögum, m.a. hvað varðar möguleika á að fá fræðslu frá dómurum.

- Kristinn Jakobsson kynnti breytingar á knattspyrnulögunum en unnið er samkvæmt því að breytingarnar taki gildi á Íslandi í upphafi Íslandsmóts/bikarkeppni. Varðandi aukaskiptingu í framlengingu samþykkt stjórn að fara þá leið að sett verði almennt ákvæði í reglugerð um knattspyrnumót sem heimilar aukaskiptingu í framlengingu leikja í meistaraflokki. Framkvæmdastjóra falið að koma málinu í réttan farveg.

13. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri greindi frá fundi sem hún og Reynir Björn Björnsson formaður heilbrigðisnefndar KSÍ áttu með fulltrúum Heilsugæslunnar til að bregðast við auknum kröfum UEFA varðandi heilbrigðisskoðanir leikmanna og fleira. Málið er í farvegi.
- Vonast er til þess að ný heimasíða KSÍ verði tilbúinn upp úr næstu mánaðarmótum.
- Fimmtán umsóknir bárust í samfélagsstyrk UEFA. Verið er að vinna úr umsóknum í samráði við UEFA.
- FIFA hefur valið KSÍ úr hópi evrópskra knattspyrnusambanda til að taka þátt í nýju tilraunarverkefni FIFA um kvennaknattspyrnu. Sex knattspyrnusambönd, eitt frá hverju álfusambandi, voru valin til þátttöku í verkefninu en markmið FIFA með því er að styrkja kvennaknattspyrnu víðsvegar um heiminn með hjálp leyfiskerfis. FIFA kemur til með að fjármagna verkefnið að öllu leyti og starfa að hluta til með KSÍ á meðan verkefninu stendur. Verkefnið mun í meginatriðum snúa að því að sinna greiningarvinnu vegna leyfiskerfis fyrir efstu deild kvenna hér á landi. Stefnt er að því að leyfiskerfi fyrir félög í efstu deild kvenna verði tilbúið til kynningar í upphafi ársins 2019.
- Formaður Knattspyrnusambands Englands, Greg Clarke, heimsækir KSÍ 4. maí næstkomandi.
- Kynnt var hugmynd frá ÍTF um að KSÍ ráði tímabundið verkefnastjóra til að vinna að markaðsmálum efstu deilda. Stjórn gaf framkvæmdastóra umboð til að ljúka málinu með ÍTF.
- Guðni kynnti tilboð frá Intstat til KSÍ og félaganna. Málið verður unnið áfram í samráði við aðildarfélög KSÍ.

Fleira var ekki bókað og var fundi slitið kl. 19:30.

Stjórnarfundur KSÍ - 15. mars. 2018
Fylgiskjal 1

Tillaga að breytingu á lögum KSÍ.

Bráðabirgðaákvæði og lagabreytingartillaga á ársþingi 2018

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt**:

Það sem lagt er til að falli út er **grænmerkt**:

Samþykkt tillaga til lagabreytinga frá Reyni S.:

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2018 samþykki breytingar á grein 33.1. í lögum KSÍ með eftirfarandi hætti:

Núgildandi grein 33.1, sem er svohljóðandi:

Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 5 deildir, 0. deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3 deild 10 liðum og 4. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í fjórum efstu deildunum.

Verði svohljóðandi, breytingar feitletraðar:

Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 5 deildir, 0. deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3 deild **12 liðum** og 4. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í fjórum efstu deildunum.

Verði tillaga þessi samþykkt er lagt til að liðum í 3. deild karla fjölgi úr 10 í 12 lið keppnistímabilið 2019. Lögð er til eftirfarandi útfærsla vegna mögulegrar fjölgunar úr 10 í 12 lið í 3. deild: Keppnistímabilið 2018 fellur aðeins eitt lið úr 2. deild en þrjú lið komast upp úr 4. deild.

Tillaga á stjórnarfundum KSÍ:

IX. KNATTSPYRNUMÓT

33. grein - Knattspyrnumót

33.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 5 deildir, 0. deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3 deild 10 liðum og 4. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í fjórum efstu deildunum.

Ákvæði til bráðabirgða 2018:

3. deild karla skal skipuð 12 liðum árið 2019.

Í 3. deild karla 2019 leika 12 lið – þau 2 lið sem hafna í 11. og 12. sæti 2. deildar karla 2018, þau 7 lið sem hafna í sætum 3. – 9. í 3. deild karla 2018 og þau 3 lið sem hafna í sætum 1.- 3. í 4. deild karla 2018.

33.2. Í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna skal þátttakandi liðum skipt í 3 deildir, 0. deild skal skipuð 10 liðum, 1. deild 10 liðum og 2. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í tveimur efstu deildunum.

33.3. Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn 0. deildar karla og kvenna.

33.4. Í öllum landsdeildum karla og kvenna er leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Keppnin er stigakeppni.

33.5. Öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglum ÍSÍ, svo og starfsreglur knattspyrnuráða, sem samþykktar hafa verið af viðkomandi héraðssambandi og staðfestar af KSÍ.

2. flokkur kvenna**Ákvæði til bráðabirgða 2017:**

Heimilt er að hafa þrjú eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna, sem eru 20 - 22 ára á almanaksárinu (konur fæddar 1995, 1996 og 1997) og léku ekki með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.

Mótanefnd leggur til að ofangreint ákvæði verði framlengt um eitt ár og verði svohljóðandi:

2. flokkur kvenna**Ákvæði til bráðabirgða 2018:**

Heimilt er að hafa þrjú eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna, sem eru 20 - 22 ára á almanaksárinu (konur fæddar 1996, 1997 og 1998) og léku ekki með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.

4. flokkur kvenna

35.1.1. Keppnin skal vera svæðakeppni og skal landinu skipt í svæði:

Suðurland, Vesturland og Vestfirðir (A og B riðill),

Norðurland (E riðill) og

Austurland (F riðill).

Keppnin er stigakeppni.

35.1.2. Þau tvö lið sem verða neðst í A riðli falla næsta keppnisár niður í B riðil en tvö efstu liðin í B riðli taka sæti þeirra í A riðli.

Tillaga að breytingu:

35.1.1. Keppnin skal vera svæðakeppni og skal landinu skipt í svæði:

Suðurland, Vesturland og Vestfirðir (A, B og **C riðill**),

Norðurland (E riðill),

Austurland (F riðill).

Keppnin er stigakeppni.

35.1.2. Þau tvö lið sem verða neðst í A riðli falla næsta keppnisár niður í B riðil en tvö efstu liðin í B riðli taka sæti þeirra í A riðli. **Þau tvö lið sem verða neðst í B riðli falla næsta keppnisár niður í C riðil en tvö efstu liðin í C riðli taka sæti þeirra í B riðli.**

4. flokkur karla

27.1.8. Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn og skal skipa liðum í tvo riðla sem hér segir:

Riðill 1: A1, A3, B2 og C1.

Riðill 2: A2, B1, E1 og F1.

Ef F1 tekur ekki þátt í úrslitakeppni kemur A4 eða E2 í stað þess.

Tillaga að breytingu:

27.1.8. Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn og skal skipa liðum í tvo riðla sem hér segir:

Riðill 1: A1, A3, B2 og C1.

Riðill 2: A2, B1, E1 og F1.

Ef F1 tekur ekki þátt í úrslitakeppni kemur A4 **eða E2** í stað þess.